

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Norðurkot, svæði 3, Neðan-Sogsvegur 17, L169419.

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi fyrir lóðina Neðan-Sogsvegur 17 innan frístundabyggðar Norðurkots, svæði 3. Breytingin felur í sér að byggingarreitur er afmarkaður innan lóðarmarka.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. september 2021.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 23. september 2021.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 7. október 2021